

Nð.

545. Nefndarálit

[226. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta á tveimur fundum og m. a. fengið til viðræðna við sig fiskifræðingana Guðna Þorsteinsson og Aðalstein Sigurðsson.

Þá hefur nefndin fengið til skoðunar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um að opna fyrir skarkolaveiðum svæðið allt frá Bjargtöngum og norður úr upp að 4 mílum frá landi. Einnig hefur nefndin kynnt sér andmæli handfæraveiðimanna á Þingeyri og í Súgandafirði við ákvæðum frv.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

B R E Y T I N G U :

Úr 1. mgr. 1. gr. frv. falli niður orðin: „og flotvörpu“.

Garðar Sigurðsson boðaði, að hann mundi skrifa undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 5. apríl 1979.

Sighvatur Björgvinsson,      Matthías Bjarnason.      Páll Pétursson.  
form., frsm.

Gunnar Már Kristófersson.      Sverrir Hermannsson.

Garðar Sigurðsson,  
með fyrirvara.